

50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 4.000 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir auka-tæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Skagafjarðar 3. mars 2005, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi við birtingu og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 10. febrúar 2005.

Sauðárkróki, 7. apríl 2005.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Minningarsjóð Ólafs Túbals og Láru Eyjólfsdóttur.

1. gr.

Nafn og heimili.

Heiti sjálfseignarstofnunarinnar er Minningarsjóður Ólafs Túbals og Láru Eyjólfsdóttur. Heimilisfang hennar er að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

2. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að styrkja unga og efnilega listamenn í Rangár-vallasýslu til náms í mynd-, tón-, söng- og leiklist, innanlands sem utan.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er kr 4.270.000 sem er arfur samkvæmt erfðaskrá Reynis Ólafssonar, sonar þeirra Ólafs og Láru.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum varamanni sem tilnefndir skulu af sýslumanninum á Hvolsvelli ótímabundið og skal sýslumaður tilnefna for-mann.

Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og sjá þannig um að rekstur hennar sé í samræmi við markmið og tilgang hennar. Stjórnin skal bera ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar. Hún skal sjálf ákveða með hvaða hætti úthlutanir úr sjóðnum fara fram. Stjórnin skal árlega gera sýslumanninum á Hvolsvelli grein fyrir hverjir hafi hlotið framlög úr sjóðnum og hversu há.

5. gr.

Reikningsár og endurskoðun.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun vera lokið í aprílmánuði ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal ársreikninginn áritaðan og samþykktan af stjórn og endurskoðanda til sýslumannsins á Hvolsvelli og til Ríkisendurskoðunar sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Auk ársreiknings skal senda þessum aðilum yfirlit yfir það hvernig fé stofnunarinnar hafi verið ráðstafað á næstliðnu ári.

6. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru einungis vaxtatekjur og mögulega framlög frá opinberum aðilum.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður einungis breytt með samþykki sýslumannsins á Hvolsvelli og dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Sjálfseignarstofnun þessi verður ekki lögð niður nema með samþykki sýslumannsins á Hvolsvelli og dómsmálaráðuneytisins (sbr. 6. gr. laga nr. 19/1998).

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. apríl 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.